



Fundargerð – kynningarfundur

| | |
|---------------------------|--|
| Heiti og númer verkefnis: | Úlfarsfell, fjarskiptamastur og útsýnispallur Breyting á deiliskipulagi |
| Dags. tími | Fimmtudagur, 6. desember 2018, kl 20:00 – 21:30 Dalskóla |
| Fundarstjóri: | Gunnar Hersveinn |
| Mættir: | Til svara á fundinum eru einnig, auk þeirra sem eru nefndir í dagskrá: - Björn Axelsson skipulagsfulltrúi - Harri Ormarsson hdl. umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar - Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa sem jafnframt er fundarritari - Sigurbjörg Helga Gunnbjörnsdóttir skipulagsfræðingur - Sigurbjörn Eiríksson og Kjartan Briem frá Sýn hf - Gunnar Örn Guðmundsson frá RÚV Aðrir fundargestir um 35 talsins. |

Dagskrá

Gautur Þorsteinsson, verkfræðistofunni VBV, ráðgjafi fyrir Sýn hf. fjallar um tæknilegar útfærslur á útvarpssendaðnum á Úlfarsfelli.

Aðalsteinn Snorrason arkitekt hjá Arkís fjallar um skipulagstillögu sem er í kynningu.

Kynningargögn er að finna á www.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ulfarsfell

Glærur frá fundinum eru einnig aðgengilegar þar í hægri dálki.

Skýrsla fyrir staðarvalsgreiningu verður bætt inn á gögnin á netinu.

| Nr. | Dagskrárliður | Tími |
|-----|---|-----------|
| 1 | ○ Tæknilegar útfærslur á sendistaðnum á Úlfarsfelli Gautur Þorsteinsson, VBV ráðgjafi fyrir Sýn hf, fjallar um tæknilegar útfærslur á sendistaðnum á Úlfarsfelli. | Kl. 20.05 |
| 2 | ○ Skipulagstillaga fyrir Úlfarsfell Aðalsteinn Snorrason, arkitekt hjá Arkís fjallar um skipulagstillögu sem er í kynningu. | Kl. 20.30 |
| 4 | ○ Spurningar og svör | Kl. 20.40 |



1. *Björn Ingi Björnsson spyr um kostnað við mannvirkin, og hver ber kostnaðinn af þeim og hvað íbúar fá út úr því.*

Svar: Gautur Þorsteinsson, VBV svarar - RÚV og Sýn standa að verkefninu og Sýn kostar skipulagstillöguna, borgar fyrir lóðina ef hún fær hana, kostar mannvirkin og rekur mannvirkin, leigir öðrum fjarskiptaaðilum síðan í framhaldinu ef þess er óskað. Sama fyrirkomulag tíðkast við önnur mastur þar sem fjarskiptafélög leigja af hvort öðru.

2. *Linda Jónsdóttir spyr um plan B ef þetta er ekki leyft.*

Svar: Gautur Þorsteinsson, VBV svarar - aðrir staðir hafa verið nefndir, td. Esjan – Þverfelloshornið, erfitt að þjónusta þann stað vegna hæðar, veðurs og engin aðkomuvegur. Mikil fyrirstaða líkleg þar varðandi mótmæli íbúa og notenda.

3. *Halldór Árnason finnst að verið sé að ganga á rétt göngufólks, voru á undan útvarpsendum. Vill að mannvirkin ef þau verði leyfð falli vel að landslaginu og finnst að kostnaður eigi að lenda á notendum*

Svar: Aðalsteinn Snorrason, Arkís svarar - Er sammála honum og tekur að vissu leyti undir áhyggjur Halldórs og ef hann fengi verkefnið í hönnun, þá myndi hann kjósa samráð við notendur og íbúa. Þegar Arkís var falið að útfæra deiliskipulagið fannst okkur nauðsynlegt að koma með einhverjar mótvægisáðgerðir eða einhver sárabót og því var lagt upp út að reisa útsýnispall sem myndi hylja tækniskýlin til að lágmarka sjónræn áhrif.

4. *Helga spyr um útsýnispallinn og samráð varðandi útfærslumöguleika, td. gönguleiðir að/frá, frágang eftir framkvæmdir.*

Svar: Björn Axelsson skipulagsfulltrúi svarar -það stendur til að fara í heildarendurskoðun á skipulagi Úlfarsfells í samvinnu við Mosfellsbæ og aðra aðila sem eru að nýta sér fjallið. Í dag virða flestir notendur þær reglur sem gilda um aðgengi. Ein af forsendum fyrir verkefninu er að borgarþúar fái eitthvað tilbaka af mannvirkinu, t.d. með betra útsýni af pallinum og samkomustað.

Svar: Aðalsteinn Snorrason, Arkís svarar - Útsýnið verður fagfíst ekkert betra, en upplifunin verður öðruvísi. Sérð í 360 gráður frá pallinum. Útsýnispallur trekkir að og dregur fólk jafnvel upp. Við mannvirkið myndast skjól þar sem hægt er að staldra við og njóta útsýnis.

5. *Björg spyr um stærð lóðar, afmörkun svæðisins og frágang á girðingu.*

Svar: Aðalsteinn Snorrason, Arkís svarar - lóðin og afmörkun er skilgreint á skipulagsuppdrættinum. Girt svæði yrði haldið í lágmarki þá við mastrið sjálft til að vernda búnað ofl.. Ef verkefnið hlýtur brautargengi þá hafa skipulagsarkitekt hug á að virkja íbúa í samráð varðandi útfærslulausnir.

6. *Ólafur Guðmundsson spyr um mastrið sjálft, og sem minnst sjónræn áhrif, td. er það málað - verður meiri þjónusta þarna td. salerni ofl. Vegurinn og aðgengi að, td. vegurinn upp.*



Svar: Björn Axelsson skipulagsfulltrúi svarar - eðlilegt að sem flestir nýti sér aðstöðuna og betri aðgengi að því er mögulegt. Skipulagsvinna í framhaldi ef heildarendurskoðun, til að mynda betri stígar, mögulega salernisaðstaða ofl. Það yrði unnið í samráði við íbúa og notendur.

7. *Kristinn spyr um hvað þarf mikið til að þessari tillögu verði hafnað. Hvað hafa íbúar um þetta mikið að segja. Auk þess spyr hann um leyfisveitingu núverandi mannvirkja og frágang varðandi rafstreng sem liggur þarna upp.*

Svar: Harri Ormarsson hdl svarar - núverandi mannvirki voru með stöðuleyfi sem veitt var árið 2009 til tveggja ára, síðan var veitt byggingarleyfi árið 2012 og það kært. Umsögn Skipulagsstofnunar kemur stuttu síðar og byggingarleyfi felld úr gildi árið 2013. Reykjavíkurborg óskaði eftir meðmælum skipulagsstofnunar með fram framkvæmdinni og fékk synjun sem Reykjavíkurborg svo kærðu til ÚUA. Úrskurður kemur í nóvember 2015, rökum Reykjavíkurborgar er hafnað. Í kærufæri, þegar úrskurður kemur þá liggur fyrir að deiliskipulagsvinna er hafin og því ekki málefnalegt að rífa mannvirkin þar sem hún varðar almannavarnir Gautur Þorsteinsson VBV svarar - varðandi frágang á strengi og telur að frágangur sé snyrtilægur. Björn Axelsson skipulagsfulltrúi svarar - varðandi hvað þurfi til að tillögunni sé hafnað, þá er alltaf um að ræða pólitíska ákvörðun þar sem vega þurfi kosti, galla og þá hagsmuni sem liggja undir í verkefnum.

8. *Júlíus spyr um sendana og styrk þeirra, hversu sterkir eru aðrir sendar eins og á Álfsnesi og Vatnsenda. Hvað með efnisval í pallinn, hefur áhyggjur af sendistyrk ef ákveðið efnisval verði fyrir valinu.*

Svar: Þorsteinn tæknimaður frá Sýn svarar - og fer yfir styrkleika aðra senda á höfuðborgarsvæðinu og miðar það við 1000-2000 wött sem er sami styrkur og færi á þetta mastur. Efnisval í pallinn, orkan er við mastrið og allt endurkast af/á pallinn er það lítið og því ekki talið hættulegt.

9. *Þórður spyr um staðarvalsgreiningu fyrir Úlfarsfellið og hvar er hægt að nálgast þá skýrslu, sem var unnin af Mannvit og hefur verið vísað til í kynningum.*

Svar: Björn Axelsson skipulagsfulltrúi svarar - Ef hún er ekki þegar aðgengileg þá verður henni bætt inn á vefinn. Verkfræðistofan Mannvit vann verkið og ber skýrslan heitið „Útvarpsþjónusta á höfuðborgarsvæðinu“, dagsett í mars 2016. Hún er hér í hægri dálk undir heitinu Staðarvalsathugun: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ulfarsfell>

10. *Baldur Borgþórsson spyr um staðarvalið, Esjana talin besti staðurinn. Óhagkvæmara fyrir rekstraraðila að hafa mastur þar og því valið Úlfarsfellið.*

Svar: Gautur Þorsteinsson VBV svarar - kostnaðarlega óhagkvæmt að fara á Esjuna og enginn vegur sem liggur þar upp. Auðvelt að þjónusta búnað, það bila sendar og þarf að gera við. Tæknimenn þurfa að fara og því auðveldara að fara upp á Úlfarsfelli en Esjuna. Innviðir og vegur þegar til staðar á Úlfarsfelli. Einnig varðandi Bláfjöll, þá hefur Póst og Fjarskiptastofnun hafnað Bláfjöllum sem sendistað.



11. Guðbrandur spyr um 4G og 5G senda í mastrið.

Svar: Gautur Þorsteinsson VBV svarar - ekki er talið vænlegt að vera með sendistaði fyrir gsm/4 og 5G hátt uppi. Farsímasendar þurfa að vera lægra í landi. 5G sendum á eftir að fjölga, fjarskiptamastrið er fyrst og fremst hugsað fyrir útvarp, mögulega Neyðarlínan sem myndi þess óska til að geta þjónustað almannahagsmunum, en ekki fyrir þjónustuaðila fyrir síma.

12. Spurt er um útlit á mastrinu.

Svar: Aðalsteinn Snorrason, Arkís svarar - Útlit yrði hliðsætt mastrinu á Álfsnesi – mynd sýnd í kynningu.

13. Valgerður spyr, um hvort yrði íbúakosning fyrir verkefnið. Nefnir að allar útvarpssendingar eru orðnar „digital“ – af hverju erum við ekki í þeirri tækni

Svar: Aðilar frá Sýn og Rúv svara - FM er hætt í Noregi og í Bandaríkjunum sama mun gerast á Íslandi með tímanum og Úlfarsfellið sé líka besti staðurinn fyrir það og verður samt alltaf fyrir valinu. Ekki kom svar varðandi mögulega íbúakosningu, en það er pólitísk ákvörðun.

14. Björn Ingi Björnsson spyr, ísing myndast og vindur – hvort þetta geti verið hættulegt fyrir fólkið sem labbar þarna í kring

Svar: Gautur Þorsteinsson, VBV svarar - möstur í lágbyggð skapa ekki slíkt vandamál, í yfir 600 m hæð er þetta þekkt. Í Úlfarsfelli er erfitt að segja, það er í 300 metra hæð. Mögulega er girðing í kringum mastrið einhver lausn, litlar líkur eru taldar á að þegar aðstæður skapast þá ættu forsendur ekki að vera til staðar varðandi íshrun af mastri. Mögulega vöktun og lokun ef þetta yrði talið vandamál. Bent er á Geitháls að þetta sé þekkt þar.

15. Hannes Jónsson spyr um hvort aðrir aðilar ættu að fá lóðina, td. aðilar um göngur.

Svar: Björn Axelsson skipulagsfulltrúi svarar - enginn annar falast formlega eftir afnoti eða lóð á svæðinu – sameiginlegir hagsmunir aðila í fjarskiptaþjónustu að fá lóðina í almannþjónustu. Ekki fæst séð að aðrir aðilar ættu hagsmuna að gæta til að fá lóðina.

16. Spurt er um glærurnar, hvort þær geti verið aðgengilegar.

Svar: Já, þær verða settar á viðeigandi vefsvæði Reykjavíkurborgar og gerðar aðgengilegar ásamt öðrum gögnum. Þær má finna hér:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ulfarsfell>



Fundi slitið kl. 21.30

Fundarritari
Björn Ingi Edvardsson